

## **Sp. 38. Tillaga til þingsályktunar**

um ferjur á Hornafjörð og Berufjörð.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásmundur Sigurðsson, Eysteinn Jónsson,  
Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvers konar ferjur muni bezt henta til flutninga yfir Hornafjörð og Berufjörð. Skal athugun þessari lokið og áætlun gerð um kostnað ferjanna fyrir næsta reglulegt Alþingi.

### **Greinargerð.**

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Fylgdi þá tillögunni svo hljóðandi greinargerð:

„Aðalakvegur Austur-Skaftafellssýslu vestan Hornafjarðarfljóta liggur austur á melana sunnan Hornafjarðar, þar sem önnur leið er lokuð bifreiðum sökum vatna. Verður að ferja farþega og flutning yfir fjörðinn andspænis kaupúninu Höfn. Fara verður þessa leið með alla flutninga milli verzlunarstaðarins og Borgarhafnarhrepps. Á melunum sunnan fjarðarins er enn fremur aðalflugvöllurinn á Suðausturlandi. Eru flugferðir þangað tíðar, og mun þeim þó fara fjölgandi á næstunni. Í sambandi við allar flugferðir verður að nota ferju yfir fjörðinn.

Síðast liðin sumur hafa bílar farið frá Reykjavík um Norðurland og Austurland allt suður að Berufirði. Þá mætir örðugur farartálmi, þar sem ekki er bílfært umhverfis fjörðinn. Til þess að yfirstíga þann farartálma, eins og vegarsambandi er nú háttað, þarf að vera hægt að ferja bíla yfir fjörðinn.

Af þessu er ljóst, að nauðsyn ber til að fá góðar ferjur, sem flutt geta bifreiðar bæði yfir Hornafjörð og Berufjörð. Hér er því farið fram á, að ríkisstjórnin láti athuga svo fljótt sem auðið er, hvers konar ferjur muni bezt henta á þessa staði, og láti jafnframt gera áætlun um, hvað þær muni kosta.“